

um félagsmálafræðslu í skólum.

Flm.: Hafsteinn Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að framkvæmd verði ákvæði námsskrár skyldunámsstigsins um fræðslu og þjálfun í félagsmálum fyrir nemendur á barna- og unglingaskólastigi.

Einnig verði athugað, hvort ekki sé hægt sem fyrst að taka félagsmálanám sem kjörgrein á námsskrá gagnfræðadeilda og framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna.

Jafnframt verði tryggt, að þeir skólar, sem útskrifa kennara, sjái nemendum sínum fyrir nægilegri menntun til að veita börnum og unglingum tilsögn á sviði menningarstarfsemi og hagnýtra félagsstarfa.

Greinargerð.

Aukinn áhugi fyrir almennri félagsmálafræðslu gerir nú vart við sig, einkum meðal hinna ýmsu frjálsu félagshreyfinga í landinu. Breyttar þjóðfélagsaðstæður hafa um langt árabil leitt til þess, að fólk hefur haft lítinn tíma til þess að sinna almennum fundarstörfum og komast í lifandi tengsl við stjórnunar- og framkvæmdastörf í félögum.

Þessi þróun hefur leitt til þess, að í öllum félögum og félagshreyfingum er nú orðinn tilfinnanlegur skortur á hæfu fólki með félagslega þekkingu, æfingu og reynslu, sem nauðsynleg er til farsællar forustu á félagslegum vettvangi.

Höfuðorsök þessa vanda er sú, að gleymt hefur að leggja grunninn: félagsmálafræðslu í skólum er víða mjög ábótavant og í allt of mörgum tilfellum í engu sinni.

Þá hefur kennaramenntunin hvað þetta áhræfir verið mjög mikið í molum. Það gefur auga leið, að því fyrr sem hægt er að hefja þessa fræðslu, því meiri árangurs má vænta.

Nauðsynlegt er, að í öllum skólum landsins fari fram vel uppbyggð og samræmd félagsmálafræðsla, sem hefjist sem fyrst á barnafræðslustiginu og standi til loka gagnfræðanáms. Þá er og nauðsynlegt að kanna, hvort ekki sé tímabært að huga að því að taka félagsmálanám sem kjörgrein á námsskrá gagnfræðadeilda og framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna.

Til þess að takast megi að framkvæma það, sem að framan greinir, þarf í fyrstu að huga að eftirfarandi:

1. Að gefa út handbækur fyrir kennara og kennslubækur fyrir börn og unglunga.
2. Að halda námskeið fyrir starfandi kennara, svo sem gert er í öðrum námsgreinum.
3. Að setja inn í námsskrá kennaraskólanna, námsefni um félagsmál.

Í gildandi námsskrá skyldunámsstigsins segir svo: „Þeir (nemendur) eiga að geta lesið upphátt bundið mál og óbundið eftir efni með eðlilegum framburði. Þeir eiga að geta sagt munnlega og skriflega frá því, sem þeir hafa lesið, og á sama hátt gert grein fyrir hugsunum sínum og skoðunum.“

Enn fremur segir: „Munnlegar æfingar, sem hefjast með talæfingum í neðstu bekkjum barnaskólans, eiga smám saman að stuðla að því, að nemendur kunni að gera grein fyrir hugsunum sínum í áheyrn annarra, svo að við lok skyldunáms séu þeir færir um að standa frammi fyrir skólafélögum sínum og kennurum og tala eðlilega og feimnislaust,“ og „frá fyrstu skólaárum má láta nemendur fást við að búa lesefni í samtalsform — leikrit.“ Enn fremur: „Nemendur séu hvattir til að iðka kórsöng“, og að lokum „kenna skal söngdansa, vikivaka, þjóðdans og algengustu dansspor.“

Eins og fram kemur í fyrrgreindum köflum, gefur námsskráin fullt tilefni til, að málfundir séu teknir inn í fræðsluna. Þeir eru æfing í stjórnun, fundarskópum, framsögn og upplestri.

Einnig kemur fram, að æskilegt sé að nemendur tjái sig í leikformi, sem leiðir til, að æfa eigi og setja á svið smáleikþætti og samtöl, sem lengjast og verða viðameiri, eftir því sem þjálfun eykst. Þá er rætt um nauðsyn þess að glæða söngmennt nemenda, og t. d. minnzt á kórsöng og að kenna skuli dans. Allir þessir þættir gefa tilefni til, að þeir séu settir í fast form, til þeirra séu ætlaðar stundir innan móðurmáls-, íþrótt- og tónlistarkennslunnar.

Benda má á til athugunar:

1. Tvær kennslustundir í mánuði ætti að nota til málfunda, þar sem tekin eru fyrir ákveðin verkefni til umræðna.
2. Tvær kennslustundir í mánuði mætti nota til upplestra, framsagnar og samtala.
3. Tvær kennslustundir í mánuði þyrfti að nota til flutnings á leikþáttum, söng og leikjum í kvöldvökuformi.
4. Tvær stundir í mánuði þyrfti svo að nota til danskennslu.

Nauðsynlegt er, að allur þessi tími sé látinn falla inn í núverandi stundaskrá á skyldunámsstigi, svo að það sé ljóst nemendum, að þetta er skylda og að hægt sé að krefjast vinnu við undirbúning allra þessara þátta. Til þess að þetta verki sem tilbreyting fyrir nemendur og geri þá vandvirkari og ábyrgari, getur verið nauðsynlegt að fella saman tvo eða fleiri bekkir eftir stærð skóla, þegar þetta er framkvæmt.

Ef félagsmálanám yrði tekið upp sem kjörgrein í gagnfræðaskólum og framhaldsdeildum þeirra, mætti einnig hafa leiklistarstarfsemi sem þátt í því námi.